


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	<b>Vefnaður 203</b>	
Síða 1 af 2	<b>Kennsluáætlun í VEF203 Haust 2011</b>	

<b>Kennari</b>	<b>Ragnheiður Björk Þórsdóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>RPÓ</b>
----------------	------------------------------------	---------------	------------

## Undanfari: VEF103

### Áfangalýsing:

Í VEF 203 vefa nemendur nytjahlut/hluti og setja upp í vefstól tveir og tveir saman með aðstoð kennara. Nemendur byrja að tileinka sér útreikninga og vinna eftir bindifræðimunstrum fyrir vefnað. Áhersla er lögð á að nemendur vinni með og þekki þráðarbrékán á flögur - sex sköft, bundið rósaband, samsetta bindingu s.s. hálfregil, salún og íslenskt glit. Nemendur byrja að tileinka sér gildi mismunandi uppistöðu og ívafs í mismunandi vefnaðaraðferðum.

### Markmið:

Að nemendur:


- reikni út sína eigin uppistöðu áður en rakið er í slöngu.
- vinni með frekar fínan þráð og reynt er að stuðla að því að nemendur vinni eftir eigin hugmyndum á frjálstan og skapandi hátt.
- nemendur geri sér grein fyrir mismunandi eiginleikum vefjarefna og fjölbreyttu notagildi þeirra.

### Hugmyndir um verkefni:

Unnið með t.d. bundið rósaband þ.e. krókbragð á 4 - 6 sköft þráðar brékán á 4 - 6 sköft og með tveim litum eða annar einfaldur jafnþráðavefnaður s.s. salún eða hálfregill. Skila skal möppu með vinnuteikningum og útreikningum á uppsettri voð.

### Tímasetning:

Vika	Námsefni
2.- 4.	Áfanginn kynntur og nemendur ákveða verkefni í samráði við kennara. Hugmyndavinnuferli. Útreikningar á slöngu og byrjað að rekja í uppistöðu.
5.- 8.	Uppsetning í vefstól, inndráttur í haföld og skeið. Sköft og skammel bundin upp með aðstoð kennara og byrjað að vefa.
9.-16.	Voðin ofin. Frágangur og möppuvinna

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS	<b>Vefnaður 203</b>	
Síða 2 af 2	<b>Kennsluáætlun í VEF203 Haust 2011</b>	

Námsmat	Lýsing	Vægi
Prufur og uppskriftir	Prufumappa með uppskriftum	20 %
Ofið/n stykki	Vefnaður og frágangur	70 %
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnubrögð	10 %

Tegund	Námsgögn
Bækur	Fagbækur f. vefnað, myndlist og textíl. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur (ljósrit í vefstofu og á bókasafni VMA) og óútgefið efni eftir kennara.
Tímarit	Vefnaðartímarit

### Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru hámark 9 stig eða 9 kennlustundir. Ef fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

### Innkaup:

Nemendur halda áfram með að setja hugmyndir, skissur, uppskriftir og prufur í möppu úr VEF103. Einnig er gott að vera með reiknivél og skriffæri. Efni er til staðar í skólanum og þurfa nemendur að kaupa það sjálfir. Efnisgjöld áfangans eru dregin frá þeirri upphæð.

**Mjög mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.**

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar.

Ragnheiður Björk Þórsdóttir ( [ragga@vma.is](mailto:ragga@vma.is) )

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils